


AUÐLEGÐ FELST Í FJÖLBREYTTU SAFNI TÆKIFÆRA



Morgunblaðið/Amaður

Itamar Even-Zohar

Itamar Even-Zohar er ísraelkur menningarfræðingur.

**I samtali við ÞRÖST HELGASON segir hann sögu
okkar Íslendinga með ólíkindum. „Hin viðtekna
hugmynd um hlutverk Jóns Sigurðssonar er goðsögn,
verk hans og sögu sjálfstæðisbaráttunnar yfirleitt
þarf að rannsaka betur.“**

bessu drógu heir þá ályktun að sennilega séu
það um það bíl túu menn sem ákvæða með einum
eða öðrum hætti hvað Frakkar eiga að hugsa.“

Itamar segir að þegar hann byrjaði að rann-
saka sambandið á milli miðjunnar og jaðarsins
hafi verið erfiað að fá fólk til að lita á jaðarinn
sem hluta af heirri heild eða því samfélagi sem
verið var að rannsaka. „Áður en tengsl miðju
og jaðars eru rannsókuð verður að vera sam-
komulag um að það megi nota þessi hugtök. Við
erum vön því að samsama okkur aðeins miðj-
unni, öll okkar saga er skrifð út frá sjónar-
horni miðjunnar, allar okkar skoðanir verða til í
miðjunnar og því getur það kostað svolitið átak
að viðurkenna fyrribær eins og jaðarinn.

Svo aftur sé tekið franskt dæmi þá þekkja
allir dagblaðið *Le Monde* enda er idulega
vitnað í það ef vitna þarf í franskt blað. En
Le Monde er aðeins gefið út í nokkur hundruð
þúsund eintökum á dag. Petta þýðir að fáir
Frakkar lesa blaðið og það stendur heima því
að langflestir heirra lesa blað sem er nánast
óþeckt utan Frakklands og heitir *L'Ouest
France*. Prátt fyrir það eru *Le Monde* og auð-
vitað *Liberation* og *Le Figaro* áhrifamestu
blöðin. Petta kann að virðast skrytið en ástæðan
er augljós: Það er sama fólkid sem skrifar
bessi blöð og stjórnar landinu. Petta er miðja
Frakklands, þarna eru áhrifin og völdin, og
það er af skrifum bessarar þróungi miðju sem
við þekkjum Frakka og hugmyndir heirra.
Fæst okkar vita nokkurn skapaðan hlut um af-
ganginn af þjóðinni, jaðarinn. Franski fræði-
maðurinn Pierre Bourdieu hefur rannsakað
hvernig bessi valdamiðja myndaðist í Frakk-
landi en það er vandfundið annað ríki þar sem
jafn mikil samþjöppun á valdi hefur átt sér
stað. Intelligensian í Frakklandi er rótgrón
valdablokk sem erfitt er að sjá að verði brotin

Itamar rekur fjölda dæma um jaðarsvæði
sem hafa reynt að brjóta sér leið inn á miðjuna.
Eitt þessara dæma er Ísland þar sem petta

tókst með langri sjálfstæðisbaráttu sem endaði
með stofnun lýðveldisins 1944. Annað dæmi er
Nýfundaland þar sem tilraunin mistókst
hrapallega; þaðan streymdi bæði fólk og fjármagni í kjölfarið og nú tilheyrr Nýfundaland Kanada. „Petta er dæmi um jaðarsvæði sem
ákvæð að vera það áfram,“ segir Itamar. „Pegar
keyrt er um nyrðri hluta vesturstrandar
Nýfundalands númer sérstátt annað en þorp í
niðurníðslu. Parna er mikil fátækt og hægt er
að fá það á tilfinninguna að maður sé staddir i
þriðjaheimsríki. Parna bjó tiloltulega velmegandi
þjóð. Við sjáum svona jaðarsvæði viðar, til
dæmis í Suðurhluta Frakklands, á Bretaníuskaga og jafnvæl í Bandaríkjum. Fólk á þessum
svæðum hefur hvorki pólitiska né menningar-
arlega getu eða orku til að skipuleggja sig og
brjóta sér leið inn á miðjuna. Og meðan svæði-
nu er stjórnad af miðjunnar, fólk sem er annars
staðar, er engin von til þess að staða þeirra og
ástand breytist.

Erfitt er að segja til um hvers vegna Íslandi
tókst petta en Nýfundalandi ekki. Svo
virðist sem munurinn sé einfaldlega sá að
Nýfundaland skorti kraft, sjálfstraust og trú
á að það gæti orðið að miðju. Á petta skorti
hins vegar ekkert hjá Íslendingum. Saga ykkar
er raunar með ólíkindum. Hin viðtekna
hugmynd um hlutverk Jóns Sigurðssonar er goðsögn,
verk hans og sögu sjálfstæðisbaráttunnar
yfirleitt þarf að rannsaka betur. Við getum
til samanburðar ímyndað okkur Tasmaníubúa
sem heldur yfir á meginland Ástralíu og fer að
halda ræður um að Tasmanía hljóti sjálfstæði.
Pessi maður yrði varla tekinn mjög alvarlega;
honum yrði hugsanlega boðið í kaffi hjá ein-
hverjum embættismanni en flestir myndu bara
brosa út í annað. En hvers vegna hlaut Jón
Sigurðsson áheyrn? Hvers vegna var hann tekinn
alvarlega? Hann hafði ekkert bakland, samt
gat hann skapað Íslendingum framtíð.
Petta hefur aldrei verið skýrt. Við vitum held-

ur ekki hvernig bessir menn sem voru að skrifa
um efni sem komu þessari baráttu við tengd-
ust. Þeir voru varla fleiri en 25 til 30. Við vitum
ekki hvernig textar þeirra og gjörðir mótuðu
hina íslensku þjóðarvitnum, sjálfsmynnd þjóðar-
innar. Við vitum ekki hvernig þessir menn
skipulögðu sig og síst af öllu vitum við hvernig
þeir komust til valda. Það er hægt að skoða
hvað þessir menn hugsuðu um en það er erfiða-
ra að sjá hvernig þeim tókst að breyta því
hvernig Íslendingar sáu sjálfa sig. Petta er
verðugt og hnýsilegt verkefni sem enn hefur
liðið verið unnið í hér.“

Það er sem sagt ekki til nein ein örugg leið
inn í miðjuna, það er ekki til nein for-
skrift?

„Það er ef til vill hægt að gefa einhverja for-
skrift en hún væri engin trygging,“ segir Itamar.
„Til er skemmtileg saga af Ismaíl Pasha,
landstjóra Egypta á síðustu öld, sem varpar
ljósi á þessa spurningu. Ismaíl vildi gera Eg-
yptaland að nútímalegu vestrænu

ríki á sjóttu áratug síðustu aldar en
það var þá undir yfirráðum soldánsins í Istanbul. Hann fór því til Frakklands til að kynna sér hvernig slík
ríki höguðu sinum málum. Hann sá að Frakkar áttu dýragard og ákvæð
begar að Egyptar þyrftu að koma
sér upp einum slíkum. Listmálarar
settu líka mikinn svip á Frakkland og
taldi Ismaíl að þannig menn
þyrftu öll ríki að eiga. Hann bauð því
nokkrum frónskum málurum til Eg-
yptaland og dældi í þá peningum.
Verk þessara málara fundust reyndar
fyrir nokkrum árum í Kairó og
var haldin sýning á þeim í París. Og
Ismaíl uppgötvaði að fleira þyrfti til
að mynda nútímalegt ríki. Frakkar
áttu jú óperu. Ismaíl notaði því tæki-
færð þegar haldid var upp á opnum
Súesskurdyrins til að pantá eina óperu
frá Verdi og úr varð sjálf Aida.
Átti þetta eftir að verða honum ör-
lagaríkt skref því hann lagði svo
mikla peninga í uppfærsluna að hann
varð gjaldþrota. Þar með var draumurinn
búinn. Í framhaldi þurfti Ismaíl að selja
hlatabréf sín í Súes-
skurdyrinum en það er þannig sem
Englendingar urðu eigendur og yfir-
ðamenn þessarar mikilvægu sig-
lingaleiðar. Ismaíl fór sem sagt eftir
ákvæðinni forskrift að því hvernig á
ad búa til nútímalegt ríki, hann gerði nánast allt
sem gera burfti en samt fór sem fór.“

Nýjasta ritsmið Itamars nefnist „Culture
Repertoire and the Wealth of Collective En-
tities“ og má finna hana á netsíðu hans. Í ritgerð
þessari sjállar Itamar um ríkidæmi sem felst í
safni tækifæra og möguleika. Segir hann að um-
fang og innihald þessa safns geti skorið úr um
velferð einstaklinga og ríkja. Auðlegð þjóða felist
með öðrum örðum í fjölbreyttu safni tækifæra.

Ef maður hefði verið fæddur á Íslandi um
síðustu aldamót hefði maður haft mjög fá
tækifæri. Maður hefði getað orðið sjómað-
ur eða bónið og ef um konu hefði verið að ræða
hefðu tækifærin verið enn færri. Strákar og
stelpur sem fæðast á Íslandi í dag vaða hins
vegar í tækifærum og kannski má rekja efnahags-
slega velsæld Íslendinga til þess. Því má
sömuleiðis halda fram að til þess að halda úti
þessu velferðarstigi þurfi að halda áfram að
skapa ný tækifæri. Það verður hins vegar ekki
gert nema ákvæðinn hópur fólks geti setið við
og hugsað upp ný tækifæri, það þarf að hafa
fólk í vinnu við að hugsa, að skapa. Þjóðið sem
leggja mikil upp úr því að búa vel að skapandi
hugsun, að hinni vitsmunalegu vinnu, eru ríkar
af tækifærum og möguleikum sem svo skapa
fjölbreytileika í mannlífi, fjölbreyttu menningarflóru
og auðvitað meiri peninga. Það má
halda því fram að jaðarþjóð eða jaðarhópur
sem fylgir ákvæðinni forskrift og leggur auk
þess áherslu á hina vitsmunalegu vinnu eigi
meiri von til þess að komast inn á miðjuna en
ástand.

Ég held að þetta hafi gerst hér á landi.
Ástæðan fyrir því að Ísland hefur þróast svona
hratt á undanförnum áratugum er sú að hér
hefur verið mikil nýsköpun, hér hafa menn veri-
ði að uppgötva nýjar leiðir, ný tækifæri, vits-
munalif Íslendinga hefur blómstræð, ef svo má
segja. Ástæðan fyrir því að stórpjóð eins og
Svíar á nú í erfiðleikum er hins vegar sú að
þeir hafa fjoðrað alla skapandi hugsun, allt
frumkvæði, með því að framfylgja harðri jafn-
ástandarstefnu á öllum svíðum, stefnu sem felur
ekki endilega í sér jafnrétti heldur að menn
eigi ekki að hafa það betra en náunginn. Fólk
hefur fengið þau skilaboð að allir eigi að vera
eins, að það megi ekki fá frumlega hugmynd,
að það megi ekki vera óðruvísi. Petta viðhorf
hefur nánast lagt sánskan íðnað í rúst; meira
að segja Volvo-bílarnir eru örðrin óspennandi
vegna skorts að hugmyndaflugi. Og það merki-
lega er að Svíar hafa komið sér í þessa stöðu
með ákvæðu skipulagi, menningarfræði áætlun
um það hvernig hlutirnir eigi að vera.“

HVERNING varð Ísland ríki
meðal ríkjum? Hvað liggr að
baki sjálfstæði þjóðarinnar?
Hvernig komast jaðarhópar
inn á miðjuna? Ísraelskir
menn-
ingarfræðingurinn Itamar
Even-Zohar telur að svaranna
við þessum spurningum sé
ekki síst að leita í menningarlegri viðleitni sem
getur birst með ýmsum hætti. Itamar telur að
það megi skoða þessa menningarlegu viðleitni í
stærra samhengi en oft hefur verið gert. Bók-
menntir eru til að mynda opið og fjölpætt kerfi
þar sem ólíkir þættir takast á. Með því að kanna
samspilið á milli þessara ólisku þátta má sjá
hvernig kerfið breytist í tímans rás og hvernig
það starfar innan samfélagsins. Itamar hefur til
dæmis kannað hvaða hlutverki bókmenntir
 gegna í skópun eða tilurð ríkja. Hefur hann
einkum skoðað smáa menningarheimra á bordi
við Katalóniu á Spáni þar sem þjóðarmenning
er skopuð á tiltölulega skómmum
tíma í pólitískum tilgangi. Ísland
þykir honum einnig sérstaklega
áhugavert í þessum samhengi en hér
hafa hlutirnir gengið óvenjuvel upp.

Það er raunar fleira sem vejur
áhuga hans hér. Itamar hefur á undan-
förunum árum glímt við að þýða
Njáls sögu á hebreisku. Hann segist
engu getað lofað um verklok en
hann finni þó til skyldunnar þar sem
hann sé sennilega sá eini sem geti
þytt söguna á hebreisku. Hann hefur
heimsótt Ísland áður og segist hafa
fylgst vel með vexti og viðgangi
þjóðarinnar á síðustu áratugum. Nú
er hann hér í rannsóknarleyfi og
hefur haft aðstöðu á Árnastofnun.
Hann segist hafa farið viða í gegnum
tíðina til að sinna rannsóknunum
sínum á óliskum menningararsamfélögum.
Það sé nauðsynlegt að komast í
snertingu við viðfangsefnin.

Itamar gegnir prófessorsstöðu í
menningarfræðideild við háskólanum í
Tel Aviv. Hann er tæknilegar sinnad-
ur en margir starfsbræður hans en
finna má allar ritsmiðar hans á
vefslóð hans á netinu (<http://www.tau.ac.il/~itamare>). Séu eldri
greinar hans skoðaðar, svo sem eins
og „Polysystem Theory“ (1979, end-
urskoðuð útgáfa 1990), er greinilega
eitt undirliggjandi þema sem drepið
var á miði upphafi en það er sambandið á milli
miðju og jaðars. Þegar ég hitti hann innan um
gamla skræður á Árnastofnun er hann sam-
þykkur því að ágætt sé að hefja samtalid á þessum
stað í verkum hans þótt samband miðju og
jaðars sé flókið og erfitt umræðuefn.

Ég hafði fyrst og fremst áhuga á að skoða
sambandið á milli miðju og jaðars í
ákvæðnum heildum. Við getum litit á Evrópu
sem eina slika heild en í henni eru svo
margar minni heildir þar sem má finna tog-
streitu milli miðju og jaðars.

Sumir eiga erfitt með að skilja sambandið
milli miðju og jaðars en það má skýra með ein-
földu dæmi. Ef þú ert í miðjunnar getururðu
ákvæðið hvernig buxum þú vilt klæðast en ef þú
ert á jaðrinum verður þú að klæðast buxunum
sem miðjan segir þér að klæðast. Við getur auð-
vitað ákvæðið að klæðast einhverju öðru en þá
færðu líka að gjalda þess að einhvern hátt. Til
að brjótast undan þessu okki miðjunnar verður
þú annaðhvort að gera uppreisn og ryðjast inn
á miðjuna eða búa til annað kerfi. Baráttu
margra óliskra hópa manna við að aðskilja sig
frá einhverri miðju skýrist af þessu, þessir
hópar hafa komist að heirri heildi miður-
stöðu að þeim verður að klæðast. Það með að
geta ekki átt neinn þátt í ákvárdanatökum í því
samfélagi þar sem þeir búa og telja því best að
búa sér til sitt eigið kerfi; af þessum ástæðum
aðskildu Slóvakar sig frá Tékkoslovakíu,
Flæmingjar sig frá frónskumælandi hluta
Belgíu og Katalónar hafa verið að reyna að
skilja sig frá Spáni með þó nokkrum árangri,
þeim hefur tekist að sölsa undir sig tóluverð
völd, segja má að þeir hafi búið til nýja miðju á
Spáni. Pessa togstreitu má einnig finna í
Frakklandi á milli suðurhluta landsins og norð-
urhlutans. Suðurhlutinn er jaðarsvæði og lýtur
valdi Parísar nánast í einu og öllu; fólk í suður-
hlutum getur ekki einu sinni notað sitt eigið,
eða öllu heldur sín eigin tungumál, París ræður
því hvernig það talar, hvað það hugsar, hvernig
það klæðist, hvað það borðar og svo framvegis.
Fleiri dæmi mætti nefna.

Við erum með öðrum örðum að tala um vald-
hafan og svo hina kúguðu. Tveir franskir
blaðamenn könnuðu á skemmtilegan hatt
valdastruktur franska samfélagsins á niunda
áratugnum. Niðurstöður þeirra voru þessar: Í
Frakklandi búa sextíu milljónir manna. Fimm-
tíu þúsund þeirra lesa daglega einhvern texta.
Fimm þúsund þeirra taka þátt í að skrifa þessa
texta, ritstýra þeim, gefa þá út og selja. Fimm
hundruð þeirra skrifa þá texta sem teljast
máega mikilvægir. Einungis hundrað þeirra
ákvæða svo hvaða textar eru mikilvægir. Af